

Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar mánudaginn 24. nóvember 2008 kl. 17:08 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Nanna St. Höskuldsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 17.10.08 (*Lögð fram*)
- Byggðaráð 04.11.08 (*Lögð fram*)

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að gerast aðili að Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og er sveitarstjóra falið að ganga frá samningum þar að lútandi.

Hreppsnefnd samþykkir að Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, og Þórir Jónsson, formaður byggðaráðs, sitji áfram sem aðal- og varafulltrúar í Héraðsnefnd Þingeyinga fyrir hönd Langanesbyggðar.

- Íþrótt- og tómstundanefnd 05.11.08

Samþykkt að vísa viðhaldsmálum félagsheimils, s.s. klæðningu utanhúss, til ákvörðunar í tengslum við fjárhagsáætlun 2009.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir eitt af fyrstu verkefnum nýráðins slökkviliðsstjóra og eldavarnareftirlitsmanns væri að fara yfir brunavarnir og öryggismál í félagsmiðstöð.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Fræðslu- og menningarnefnd 06.11.08
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd 19.11.08

Samþykkt að fela sveitastjóra og formanni USB-nefndar að setja sig í samband við Alta ehf. varðandi námskeið í skipulagsmálum fyrir fulltrúa í sveitarstjórn. Miðað skal við að halda námskeiðið sem fyrst.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- AÞ - Stjórnarfundur 04.11.08 (*Lögð fram*)
- HNE – 114. fundur 05.11.08 (*Lögð fram*)
- Samtök minni sveitarfélaga 12.11.08 (*Lögð fram*)
- Sauðanesnefnd 19.11.08 (*Lögð fram*)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Samþykkt að úthluta íbúðinni Pálmholti 6 til væntanlegs æskulýðs- og menningarfulltrúa.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar leggur áherslu á mikilvægi þess að framlög í og úr Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði ekki skert við núverandi aðstæður. Líkur eru á því að mörg sveitarfélög muni lenda í vanda við að halda uppi óskertri grunnþjónustu við íbúana þrátt fyrir óskert framlög en komi til skerðingar við ríkjandi aðstæður mun slíkt geta leitt til afar neikvæðra áhrifa á Þjóðarhag.

4. Innsend erindi.

Til kynningar:

- Framsýn – Samgöngumál í Þingeyjarsýslum.
- Framsýn – Þjónusta við atvinnuleitendur.
- UMFÍ – Samþykkt samráðsfundar UMFÍ 11.10.08
- ÍSÍ – Bréf í tilefni efnahagslegra þrenginga í íslensku samfélagi
- Svæðisvinnumiðlun Norðurlands Eystra – Ályktun frá Vinnumarkaðsráði.
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga – Ársskýrsla 2007

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þeirrar stefnu í rekstri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga sem orsakar skerta þjónustu á svæði heilsugæslunnar á Þórshöfn. Nýlegt dæmi er ákvörðun um niðurfellingu bakvaktar sjúkraflutningamanna frá og með næstu áramótum. Hreppsnefnd Langanesbyggðar skorar á yfirstjórn heilbrigðisstofnunar Þingeyinga að taka þá ákvörðun þegar til endurskoðunar.

Til afgreiðslu:

- Félagsþjónusta Norðurlþings – Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla
Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins þar til fulltrúar í sveitarstjórn hafa haft tök á að kynna sér innihald sáttmálans betur.
- Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis – Boðun fundar stofnfjäreigenda 25.11.08
Samþykkt að hver listi fari með umboð fyrir þriðjungs hlut fyrir hönd Langanesbyggðar á fundi stofnfjäreigenda þriðjudaginn 25. nóvember nk.
- Vímuvarnarráð Langanesbyggðar – Framhaldsdeild í byggðalagið
Sveitarstjóra falið að taka saman greinargerð um málið og koma á framfæri í fréttabréfi.
- Fjölmeningarsetur – Fjarfundur um móttöku nýrra íbúa 25.11.08
Samþykkt að gefa forsvarsmönnum grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu kost á því að sitja fjarfundinn.
- Gistiheimilið Lyngholt ehf. – Leiga á skólahúsnæði sumarið 2009
Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Gistiheimilið Lyngholt um útleigu á skólahúsnæðinu sumarið 2009.
- Alþingi – Þingsályktunartillaga um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandaflióts
Samþykkt að veita ekki umsögn.
- Verslunarmál á Bakkafirði
*Gerð var grein fyrir hugmyndum Björns Guðmundar Björnssonar varðandi nýtingu verslunarhúsnæðis sveitarfélagsins á Bakkafirði.
Samþykkt með sex atkvæðum, einn sat hjá, að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Björn Guðmund, eða fyrirtæki í hans eigu, um afnot af húsnæðinu sem miðast við að verslun ásamt annarri starfsemi hefjist þar fljótlega. Samningur skal vera til fimm ára með árlegu endurskoðunarákvæði.*
- Sýslumaðurinn á Húsavík – Niðurfelling skuldar
Samþykkt að vísa umfjöllun og afgreiðslu málsins til lokaðs fundar hreppsnefndar er hefst strax að afloknum hreppsnefndarfundi.

5. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Langanesbyggðar – Seinni umræða.

Með vísan til fyrri umræðu sem átti sér stað á fundi sveitarstjórnar föstudaginn 17. október 2008 var samþykkt, með fjórum atkvæðum, þrjár sátu hjá, að breyta samþykkt um stjórn og fundarsköp Langanesbyggðar, dags. 8. desember 2006, með eftirfarandi hætti:

Samþykkt að breyta 6. gr. þannig að í stað þess texta sem fyrir er í upphafi 1. töluliðar komi:

„Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar,“

Samþykkt að breyta 7. gr. þannig að í stað þess texta sem fyrir er í fyrstu setningu greinarinnar komi:

„Sveitarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, annan og fjórða fimmtudag hvers mánaðar.“

Samþykkt að breyta 11. gr. þannig að í stað þess texta sem fyrir er í 2. tölulið komi:

„Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Samþykkt að breyta 25. gr. þannig að í stað þess texta sem fyrir er í annarri setningu fyrstu málsgreinar greinarinnar komi:

„Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.“

Samþykkt að breyta 29. gr. þannig að í stað þess texta sem fyrir er í fyrstu setningu greinarinnar komi:

„Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs, stjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.“

Samþykkt að breyta 33. gr. þannig að í stað þess texta sem fyrir er í þriðju setningu annarrar málsgreinar greinarinnar komi:

„Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.“

Samþykkt að breyta 43. gr. þannig að í stað þess texta sem fyrir er í fyrstu setningu fyrstu málsgreinar greinarinnar komi:

„Sveitarstjórn kys fulltrúa í nefndir ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar.“

Samþykkt að fella niður 44., 45., 46., 47., 48. og 49. gr. og númer greina sem eftir koma (50. gr. – 70. gr.) taki númer frá 44 til 64.

Samþykkt að breyta 56. gr. (nýtt nr. 50. gr.) þannig að í stað þess texta sem fyrir er komi:

„Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafri ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina“

Samþykkt að breyta 57. gr. (nýtt nr. 51. gr.) þannig að:

Fyrsti töluliður A-liðar falli niður og annar töluliður (sá er fjallar um kjörstjórnir og alþingiskosningar) verði ónúmeraður.

Í stað þess texta sem fyrir er í 7. tölulið komi:

„**Húsnæðisnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnumargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.“

Samþykkt að breyta 60. gr. (nýtt nr. 54. gr.) þannig að í stað þess texta sem fyrir er í fyrstu málsgrein greinarinnar komi:

„Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.”

Samþykkt að breyta 62. gr. (nýtt nr. 56. gr.) þannig að í stað þess texta sem fyrir er komi:

„Framkvæmdastjóri og/eða forstöðumenn ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 55. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.”

6. Álagningarákvæði Langanesbyggðar 2009.

Samþykkt óbreytt álagningarprósenta vegna útsvars (13,03%) frá því sem ákveðið var fyrir árið 2008. Önnur álagningarákvæði og gjaldskrár fyrirtækja og stofnana Langanesbyggðar skulu endurskoðaðar og afgreiddar síðar.

7. Rekstur sveitarsjóðs pr. 30.09.08.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir rekstri sveitarsjóðs fyrstu níu mánuði ársins. Fram kom að samkvæmt milliuppgjöri pr. 30.09.08 var afgangur af rekstri sveitarsjóðs sem nemur 1.100 þús. kr. Sveitarstjóri vakti athygli á því að ekki væri um endurskoðað uppgjör að ræða en að uppgjörið ætti þó að gefa ágæta vísbendingu um rekstur sveitarsjóðs á tímabilinu.

8. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun vegna 2008. Tekið hefur verið tillit til þeirra launahækkana sem kjarasamningar á árinu hafa orsakað auk hækkana á launum sem hafa orsakast af ákvörðun sveitarstjórnar varðandi rekstur grunn- og leikskóla. Einnig hefur framkvæmdáætlun verið endurskoðuð með hliðsjón af ákvörðunum sveitarstjórnar varðandi framkvæmdir við Grunnskólann á Þórshöfn og með hliðsjón af samningum við verktaka vegna framkvæmda við Þórshafnarhöfn. Áætlun hafna og hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts var endurskoðuð með hliðsjón af auknum umsvifum.

Samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun verður afgangur af rekstri sveitarsjóðs heldur meiri en samkvæmt upphaflegri áætlun sem skýrist af annars vegar auknum skatttekjum og hins vegar auknu framlagi frá B-hluta stofnunum vegna þjónustu sveitarsjóðs.

Einnig er gert ráð fyrir afgangi af rekstri b-hluta stofnana í stað nokkurs halla í upphaflegri áætlun sem skýrist af meiri umsvifum Þórshafnarhafnar og hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts.

Samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008 nemur afgangur af rekstri sveitarsjóðs 3.177 þús. kr. og afgangur af samanteknum rekstri A og B hluta 4.950 þús. kr. Á heildina litið er um 20.114 þús. kr. jákvæðari afkomu en upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Sveitarstjóri lagði áherslu á að fjármagnsliðir í áætluninni væru ekki endurskoðaðir og réði því sú óvissa er ríkti um þróun fjármagnsmarkaða síðustu mánuði ársins. Þannig væri líklegt að endanleg niðurstaða ársins yrði lakari en endurskoðuð áætlun gerði ráð fyrir en væntingar væru um að tekju- og kostnaðaráætlanir stæðust að öðru leiti.

Að afloknum nokkrum umræðum var framlögð endurskoðuð fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun 2009 – Fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun 2009 vísað til seinni umræðu.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:17